

AÐALFUNDUR 2018

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

3.2

REIKNINGAR LAGÐIR FRAM TIL SAMÞYKKTAR

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen

Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun skoðunarmanna	2
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen
Kennitala 570194-2409
Suðurlandsbraut 22, Reykjavík

Númer í sjóðaskrá 1349

Skýrsla stjórnar

Ráðstöfun sjóðs

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen var stofnaður 1961 og er ætlað samkvæmt skipulagsskrá að veita þeim hjúkrunarfræðingum viðurkenningu sem skarað hafa fram úr í hjúkrunarnámi og sýnt sérstaka hæfileika til hjúkrunarstarfa. Heimilt er að veita hjúkrunarfræðingum styrk til framhaldsnáms úr sjóðnum. Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól og sala minningargjafa. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Engir styrkir voru veittir úr sjóðnum árið 2017.

Stjórn Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir 2017 með áritun sinni.

Reykjavík, . maí 2018

Stjórn:

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen höfum yfirfarið ársreikninginn fyrir árið 2017 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, . maí 2018

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Míningarsjóðs Kristínar Thoroddsen.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Míningarsjóðs Kristínar Thoroddsen fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Míningarsjóði Kristínar Thoroddsen í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákvörðun hafi verið tekin um að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, . maí 2018

BDO ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Örvar Omrí Ólafsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2017

	Skýringar	2017	2016
Tekjur			
Seldar minningagjafir		21.000	32.500
Vextir og verðbætur		26.529	36.380
		<u>47.529</u>	<u>68.880</u>
Gjöld			
Styrkveitingar	2	0	150.000
		<u>0</u>	<u>150.000</u>
Gjöld umfram tekjur		<u>47.529</u>	<u>(81.120)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýringar	2017	2016
Veltufjármunir			
Handbært fé		1.190.021	1.138.492
Skammtímakröfur, FÍH		0	2.500
		<u>1.190.021</u>	<u>1.140.992</u>
Eignir samtals		<u>1.190.021</u>	<u>1.140.992</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	3	<u>1.188.521</u>	<u>1.140.992</u>
		1.188.521	1.140.992
Skuldir			
Skammtímaskuld, FÍH		<u>1.500</u>	0
		1.500	0
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.190.021</u>	<u>1.140.992</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo að mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2. Styrkveitingar

Engir styrkir voru veittir úr sjóðnum árið 2017.

3. Eigið fé

Breytingar eigin fjár greinast þannig:

Staða eigin fjár í upphafi árs	1.140.992
Gjöld umfram tekjur	47.529
Staða eigin fjár í árslok	<u>1.188.521</u>